

Ársskýrsla 2019

*FAGMENNSKA
SAMVINNA
VIRÐING*





Ársskýrsla HSN 2019

Umsjón: Guðný Friðriksdóttir

Athygli er vakin á að misræmi í framsetningu á tölulegum upplýsingum um samskonar þætti starfseminnar skýrist af ólíkum skráningar- og talningarflokkunum.

● Efnisyfirlit

Pistill frá framkvæmdastjórn	4
Stjórnendur	6
Skipurit og skipulag HSN	7
Heilsugæsla	10
• Móttaka heilsugæslunnar	10
• Mæðravernd	18
• Ung- og smábarnavernd	19
• Heilsuvernd grunnskólabarna	21
• Heimahjúkrun	23
• Sjúkraflutningar	25
• Unglingamóttaka	26
• Lífsstíls- og sykursýkimóttaka	27
• Hreyfiseðlar	27
• Heilsueflandi heimsóknir	28
• Bólusetningar	29
Hjúkrunar- og sjúkrasvið	30
Göngudeild	31
Hópskoðun Krabbameinsfélagsins	33
Ráðgjöf í reykbindindi	33
Rannsóknir og röntgenmyndatökur	34
Atvikaskráning	35
Starfsmannamál	35
Gjafir til HSN 2019	38
Skýrsla og áritun stjórnenda	40
Sundurliðaður rekstrarreikningur 2019	41
Efnahagsreikningur 2019	42
Sjóðsstreymisyfirlit 2019	43

● Pistill frá framkvæmdastjórn

Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) sinnir allri heilsugæsluþjónustu á svæðinu frá Þórshöfn í austri til Blönduóss í vestri. Starfsemin er á sex meginstarfsstöðvum, þ.e. á Húsavík, Akureyri, Dalvík, í Fjallabyggð, á Sauðárkróki og Blönduósi en þjónusta stofnunarinnar nær til ríflega 35 þúsund íbúa á þessu svæði. Heilsugæslustöðvar og heilsugæslusel HSN eru 17 talsins.

Þá rekur stofnunin 149 sjúkra-, hjúkrunar- og dvalarrými á Húsavík, Siglufirði, Sauðárkróki og Blönduósi. HSN rekur auk þess hjúkrunar- og dvalarheimilið Hvamm á Húsavík með alls 40 rýmum.

Rekstur stofnunarinnar var að mestu í jafnvægi á árinu en stofnunin var rekin með tæplega 64ra milljóna króna halla sem fjármagnaður var með rekstrarafgangi ársins 2018.

Áfram var unnið að undirbúningi að byggingu tveggja nýrra heilsugæslustöðva á Akureyri. Þá var tekin ákvörðun um byggingu 60 rýma hjúkrunarheimilis á Húsavík sem mun stórbæta aðstöðu þar. Unnið var að undirbúningi að endurbótum á hjúkrunarrýmum á Sauðárkróki og Siglufirði. Jafnframt stóðu Ríkiseignir fyrir fjölmörgum viðhaldsverkefnum á húsnaði stofnunarinnar í samstarfi við HSN. Mikil ánægja er með samstarf HSN við Ríkiseignir.

HSN fékk sérstaka fjárveitingu til að setja á fót geðheilsuteymi fyrir starfssvæði stofnunarinnar og tók það til starfa á þriðja ársfjórðungi. Geðheilsuteymin eru skilgreind sem annarrar línu þjónusta innan geðheilbrigðiskerfisins þar sem hægt er að veita lengri og sérhæfðari

meðferð en tók eru á í sjálfri heilsugæslunni. Þá er geðheilsuteymi HSN einnig ætlað hlutverk sem n.k. brú á milli HSN, geðdeildar SAK og félagsþjónustu sveitarfélaganna á starfssvæði HSN. Stofnun geðheilsuteymisins er jákvætt skref til bættrar geðþjónustu á starfssvæði HSN.

Vinna hófst við stefnumótun HSN og fenginn var ráðgjafi frá Strategíu. Nýrri stefnu er ætlað að taka við af Stefnu og starfsáætlun 2017-2019. Hún mun taka mið af hlutverki stofnunarinnar samkvæmt lögum, heilbrigðisstefnu og öðrum stefnum stjórnvalda. Fundað var á árinu með öllu starfsfólki til að safna efni og áherslum. Ný stefna verður kynnt á árinu 2020 ásamt aðgerðaáætlun. Stofnunin hefur haldið áfram að efla upplýsingatækni-mál. Unnið er að innleiðingu á lyfjafyrirmæla- og gjafaskráningarkerfi og nýju símkerfi innan HSN og ná útskiptin inn á árið 2020. Unnið er að uppsetningu á búnaði fyrir fjarheilbrigðisþjónustu og notkun Heilsuveru hefur aukist. Innleiðing á stafrænum ferlum (róbótferlum) er í gangi hjá bókhalds- og í mannauðsþjónustu. Átak hefur verið í ljósleiðaravæðingu innan stofnunar. Nýtt bjöllukerfi var sett upp á Blönduósi.

Erfiðlega hefur gengið að ráða í stöður heimilislækna. Sérstaklega hefur gengið illa að manna stöður á Akureyri og enn eru eingöngu verktökulæknar á Blönduósi. Þá hefur reynt erfitt að fá hjúkrunarfræðinga í afleysingar og að manna ákveðnar starfseiningar innan HSN. Misjafnt er á milli svæða hvernig gengur að ráða annað starfsfólk. Víða er þó mönnun nokkuð góð og í samræmi við heimildir.

Starfsemi og mönnun hjúkrunarmóttöku á Akureyri var styrkt á árinu. Þá var bætt við stöðugildum til að sinna heilsueflandi heimsóknum fyrir aldraða á öllu starfssvæðinu en slíkar heimsóknir hafa verið í boði á HSN Akureyri um nokkurt skeið. Stofnaður var faghópur um lífsstíls- og sykursýkimóttökur á HSN í lok árs en fyrir eru starfandi fjölmargir faghópar sem starfa þvert á stofnunina.

Mikil áhersla hefur verið lögð á símenntun hjá HSN með samstarfi við símenntunarstöðvar á starfssvæðinu. Námskeið um þjónustu við fólk með heilabilun var fjölsótt sem og námskeið um samskipti á vinnustað og álag, streitu og kulnun. Líkt og síðustu ár voru haldin námskeið vegna innleiðingar á þjónandi leiðsögn og RAI Home Care og voru þau einnig vel sótt.

Hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands starfa öflugir starfsmenn sem sinna starfi sínu af áhuga og samvirkusemi. Framkvæmdastjórn HSN vill þakka þeim gott samstarf og góð störf í þágu íbúa á svæðinu á árinu 2019.





● Stjórnendur

Jón Helgi Björnsson, forstjóri

Framkvæmdastjórar

Guðný Friðriksdóttir,
framkvæmdastjóri hjúkrunar

Þórhallur Harðarson,
framkvæmdastjóri fjármála og stoðsviða

Örn Ragnarsson,
framkvæmdastjóri lækninga

Fjármála-, upplýsingatækni og mannauðsþjónusta

Axel Björgvin Höskuldsson,
forstöðumaður upplýsingatæknimála

Bryndís Lilja Hallsdóttir
mannauðsstjóri

Regína Sigurðardóttir
forstöðumaður bókhaldsþjónustu

Yfirlæknar

Jón Torfi Halldórsson, Akureyri

Fjölfnir Freyr Guðmundsson, Blönduósi

Guðmundur Pálsson, Dalvík

Valþór Stefánsson, Fjallabyggð

Unnsteinn Júlíusson, Húsavík - heilsugæsla

Ásgeir Böðvarsson, Húsavík - sjúkrasvið

Sigurður Halldórsson, Norður-Pingeyjarsýslu

Þorsteinn Þorsteinsson, Sauðárkróki

Yfirhjúkrunarfræðingar svæða

Þórdís Rósa Sigurðardóttir/Hulda Pétursdóttir, Akureyri

Ásdís Arinbjarnardóttir, Blönduósi

Anita Aanesen, Dalvík


Anna S. Gilsdóttir, Fjallabyggð

Áslaug Halldórsdóttir, Húsavík


Herdís Klausen / Sigurbjörg Krístrún Snjólfsdóttir, Sauðárkróki

Skipurit og skipulag HSN


Skipurit Heilbrigðisstofnunar Norðurlands



Ábyrgð og verkefni





Skipurit hjúkrunar



Yfirhjúkrunarfræðingur svæðis og sviðs (hjúkrun/sjúkrahús/heilsugæsla) getur verið sami einstaklingurinn

Skipurit lækninga





Gæðastjóri

Anna Gilsdóttir, Fjallabyggð

Kerfisstjóri Sögu

Helga Rósa Guðjónsdóttir, Sauðárkróki

Nefndir og ráð

- Lyfjanefnd
- Fagráð
- Gæða- og öryggisráð
- Innkaupanefnd
- Jafnréttisnefnd
- Þekkingar- og endurmenntunarráð

Faghópar

- Heilsuvernd grunnskólabarna
- Heimahjúkrun
- Mæðravernd
- Sjúkraflutningar
- Ung- og smábarnavernd
- Öldrunarhjúkrun

Formenn

Ásgeir Böðvarsson, Húsavík
 Fanney Ísfold Karlsdóttir, Sauðárkróki
 Margrét Sæmundsdóttir, Sauðárkróki
 Jón Helgi Björnsson, Húsavík
 Sigurður Jóhannesson, Fjallabyggð
 Bryndís Lilja Hallsdóttir, Sauðárkróki

Fagstjórar


Ingibjörg Sólrún Ingimundardóttir, Akureyri
 Eva Björg Guðmundsdóttir, Akureyri
 Hulda Pétursdóttir, Akureyri
 Eysteinn Heiðar Kristjánsson, Húsavík
 Lilja Guðnadóttir, Dalvík
 Jóhanna Sigr. Kristjánsdóttir, Húsavík

- Heilsugæsla og sjúkrarými
- Heilsugæslustöð
- Heilsugæslusel
- Mörk heilbrigðisumdæmis


● Heilsugæsla

HSN nær frá Þórshöfn í austri til Blönduóss í vestri og sinnir allri heilsugæsluþjónustu á því svæði. Á starfssvæðinu eru sex meginstarfsstöðvar sem eru Húsavík, Akureyri, Dalvík, Fjallabyggð, Sauðárkrókur og Blönduós en í heild eru heilsugæslustöðvar og heilsugæslusel alls 17 talsins. Íbúar á svæði HSN eru 36.414 og hefur þeim fjölgað um 42 frá því í fyrra. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá skiptingu íbúa eftir svæðunum og breytingu á fjölda þeirra.

Fjöldi íbúa á svæði HSN



Fjöldi íbúa á svæði HSN eftir svæðum




Almennir þjónustupættir á heilsugæslustöðvunum eru móttaka og vaktþjónusta heilsugæslulækna, heimahjúkrun, hjúkrunarmóttaka, ungbarna- og mæðravernd, heilsuvernd grunnskólabarna, þjónusta sálfræðinga og næringarráðgjafa og önnur heilsuvernd. Einnig heyra sjúkraflutningar undir heilsugæsluna.


Móttaka heilsugæslu

Heilsugæsla HSN tók á móti 36.668 einstaklingum á árinu 2019 á móti 36.596 árið 2018. Þá voru samskipti á heilsugæslunni 270.512 á árinu 2019 og fjölgaði um 17.596 frá árinu 2018. Sjá má samanburð á fjölda samskipta niður á stöðvar á meðfylgjandi myndum.


Fjöldi samskipta - heilsugæslan



Fjöldi samskipta 2019 - heilsugæslan




Fjöldi samskipta 2018 - heilsugæslan




Á árinu voru samskipti lækna við skjólstæðinga alls 186.582 en 2018 voru þau 192.479. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá samanburð á fjölda samskipta á milli ára og fjölda samskipta niður á starfstöðvar.


Fjöldi samskipta - lækna



Fjöldi samskipta 2019 - lækna




Fjöldi samskipta 2018 - lækna




Fjöldi samskipta hjúkrunarfræðinga á stöð voru alls 48.547 talsins við skjólstæðinga en voru 38.948 á árinu 2018. Samskipti í heimahjúkrun og skólahjúkrun eru ekki inni í þessum tölum. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá samanburð á fjölda samskipta á milli ára og fjölda samskipta niður á starfsstöðvar.


Fjöldi samskipta - hjúkrunarfræðingar á stöð



Fjöldi samskipta 2019 - hjúkrunarfræðingar á stöð




Fjöldi samskipta 2018 - hjúkrunarfræðingar á stöð




Fjöldi samskipta ljósmæðra voru 8.583 talsins við skjólstæðinga en voru 7.866 á árinu 2018. Ljósmæður á HSN sinna ýmsum verkefnum, þ.m.t. mæðravernd, ung- og smábarnavernd og almennum hjúkrunarstörfum. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá samanburð á fjölda samskipta á milli ára og fjölda samskipta niður á starfsstöðvar.


Fjöldi samskipta - ljósmæður



Fjöldi samskipta 2019 - ljósmæður




Fjöldi samskipta 2018 - ljósmæður




Rafræn samskipti í gegnum Heilsuveru hafa aukist til muna á síðustu þremur árum eða úr 14.209 árið 2017 í 49.383 árið 2019. Myndin hér fyrir neðan sýnir þróun samskipta í gegnum Heilsuveru hjá HSN.

Fjöldi samskipta - Heilsuvera





Fjöldi samskipta 2019 - Heilsuvera



Þróun í fjölda rafræna samskipta




Sálfélagsleg þjónusta hefur verið bætt umtalsvert á HSN og geðheilsuteymi hefur verið komið á og unnið er að áframhaldandi uppbyggingu þess á öllu svæðinu. Bæði er veitt samtalsmeðferð og hópmeðferð við kvíða og þunglyndi. Fjöldi samskipta í sálfélagslegri þjónustu á árinu 2018 var 2.719 en 4.198 á árinu 2019. Geðheilsuteymi HSN sinnti 501 samskiptum árið 2019. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir starfsemi sálfélagslegrar þjónustu.



Viðtöl næringarráðgjafa voru 302 á árinu 2019 en 290 á árinu 2018. Næringarráðgjafi sinnir einstaklingsviðtölum og veitir stjórnendum ráðgjöf í eldhúsum HSN. Á myndinni má sjá yfirlit yfir einstaklingsviðtöl næringarráðgjafa og samanburð á milli ára.

Viðtöl næringarráðgjafa




Mæðravernd


Ljósmaður, í samvinnu við heimilislækna, sinna mæðravernd heilsugæslunnar og stuðla að heilbrigði móður og barns á meðgöngutímanum og eftir fæðingu. Á HSN starfar faghópur í mæðravernd með fulltrúa frá öllum meginstarfsstöðvum.

Á árinu 2019 var fjöldi kvenna í mæðravernd 698 og fjöldi skoðana var 5.006. Fjöldi skoðana á hverja konu 2019 var 7,2 og fjölgaði um 7,7% frá árinu 2018. Á myndunum hér að neðan má sjá samanburð á milli ára, fjölda kvenna í mæðravernd og fjölda skoðana eftir starfsstöðvum.

Mæðravernd - fjöldi kvenna



Mæðravernd - skoðun á hverja konu




Ung- og smábarnavernd

Í ung- og smábarnavernd er fylgst með vexti og þroska barnsins og lögð áhersla á stuðning við fjölskylduna. Fyrstu vikurnar eftir fæðingu er boðið upp á heimavitjanir en síðan reglubundnar skoðanir á heilsugæslustöðinni fram að skólaaldri. Á HSN starfar faghópur í ung- og smábarnavernd með fulltrúum frá öllum meginstarfsstöðvum.

Fjöldi vitjana á árinu 2019 var 976 og viðtöl 4.915 en á árinu 2018 voru vitjanir 969 og viðtöl 5.088. Sjá má nánari skiptingu eftir meginstarfsstöðvum og samanburð á milli ára á myndunum hér fyrir neðan.¹


Vitjanir í ung- og smábarnavernd - fjöldi barna




¹ Ljósmyndir á Dalvík tekur þátt í ung- og smábarnavernd í Fjallabyggð sem skýrir breytingu á tölum milli ára.




Fjöldi vitjana á hvert barn í ung- og smábarnavernd



Viðtöl í ung- og smábarnavernd - fjöldi barna





Fjöldi viðtala á hvert barn í ung- og smábarnavernd




Heilsuvernd grunnskólabarna

Heilsuvernd grunnskólabarna er framhald af ung- og smábarnavernd og er markmið hennar að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Á HSN starfar faghópur í heilsuvernd grunnskólabarna og í honum eru allir skólahjúkrunarfræðingar.


Á svæði HSN eru 30 grunnskólar með 4.772 nemendum en á árinu 2018 voru þeir 4.788. Heildarsamskipti við skjólstaðinga voru 44.198 en á árinu 2018 voru þau 44.761. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir fjölda nemenda og fjölda samskipta á milli ára. Þá má einnig sjá tegund samskipta, skipt niður á svæði HSN.




Heilsuvernd grunnskólabarna - samskipti



Heilsuvernd grunnskólabarna - samskipti 2019





Heilsuvernd grunnskólabarna - samskipti 2018




Heimahjúkrun

Heimahjúkrun er fyrir einstaklinga á öllum aldri sem búa í heimahúsi. Heimahjúkrun er í boði á öllum starfsstöðvum á dagvinnutíma. Auk þess er þjónustan í boði á Akureyri um helgar, á kvöldin og á næturnar. Á öllum stærri starfsstöðvum er boðið upp á heimahjúkrun á morgnana um helgar auk þess sem reynt er að koma til móts við skjólstæðinga ef þörf er á heimahjúkrun á öðrum tímum, svo sem á kvöldin á virkum dögum og um helgar. Á HSN starfar faghópur í heimahjúkrun með fulltrúum frá öllum meginstarfsstöðvum.


Fjöldi samskipta í heimahjúkrun á árinu eru 70.328 sem er fækkun um 3,4% frá því árið áður. Sjá má yfirlit yfir samskipti í heimahjúkrun á myndunum hér fyrir neðan skipt niður á starfsstöðvar, kyn og hvenær þjónustan er veitt.



Heimahjúkrun 2018 - samskipti





Heimahjúkrun - samskipti eftir kynjum



Sjúkraflutningar

Sjúkraflutningar eru skráðir hjá Neyðarlínu og er mikilvægi forgangs flokkað í F1-F4 þar sem F1 er mesti forgangur. Fjöldi flutninga á svæði HSN á árinu var 3.954 en 2018 voru þeir 4.037. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir fjölda flutninga á svæðinu og nánari skiptingu eftir stöðum og forgangi.




Fjöldi sjúkraflutninga - forgangur og ár

	F1			F2			F3			F4		
	2017	2018	2019	2017	2018	2019	2017	2018	2019	2017	2018	2019
Akureyri	491	489	416	413	425	432	556	664	717	1.007	951	943
Blönduós	40	31	29	63	60	62	79	56	76	43	31	38
Dalvík	28	20	22	41	33	46	52	66	64	28	28	30
Grímsøy	2	0	0	2	1	0	2	0	0	0	0	0
Hrísey	0	0	0	0	0	0	2	1	0	1	1	0
Húsavík	58	81	46	100	117	131	142	160	168	131	111	109
Ólafsfjörður	7	0	0	9	0	0	19	0	0	15	0	0
Raufarhöfn	2	6	3	6	7	6	4	6	5	1	1	0
Sauðárkrúkur	50	63	54	92	75	54	127	128	136	83	112	80
Siglufjörður	22	32	35	40	49	42	57	75	86	59	91	63
Þórshöfn	7	11	6	16	27	20	12	16	25	9	12	10
Samtals	707	733	611	782	794	793	1.052	1.172	1.277	1.377	1.338	1.273

Unglingamóttaka


Unglingamóttaka er starfrækt á HSN Akureyri. Markmiðið með henni er að auka aðgang ungs fólks að heilsugæslunni og getur það leitað á móttökuna með vandamál sín. Hjúkrunarfræðingar sinna móttökunni í samvinnu við heilsugæslulækna. Á árinu 2019 sinnti unglingamóttakan 287 samskiptum á móti 187 á árinu 2018 en það er fjölgun um rúmlega 53%. Sjá má yfirlit yfir fjölda samskipta á milli ára á myndinni hér fyrir neðan.

Unglingamóttaka á Akureyri - fjöldi samskipta




Lífsstíls- og sykursýkimóttaka

Lífsstíls- og sykursýkimóttökur eru starfræktar á flestum stærri starfsstöðvum HSN. Verið er að efla þá starfsemi.² Á Sauðárkróki er hjúkrunarfræðingur með móttöku þar sem veitt er ráðgjöf, stuðningur og eftirfylgd við skjólstæðinga sem þurfa að tileinka sér nýtt mataræði og breyta um lífsstíl. Fjöldi viðtala á árinu var 34 en 36 árið 2018.



Á Húsavík er sykursýkimóttaka þar sem læknir, hjúkrunarfræðingur og næringarráðgjafi hitta einstaklinga með sykursýki. Fjöldi viðtala á árinu var 172 í samanburði við 175 viðtöl á árinu 2018.




Hreyfiseðlar

Hreyfiseðill er meðferðarúrræði þar sem fagaðili, í samráði við skjólstæðing, ávísar hreyfingu sem meðferð eða hluta af meðferð við þeim sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum sem verið er að fást við. Einstaklingi er vísað til hreyfistjóra, sem er sjúkrapjálfari og útbýr hreyfiáætlun í samráði við viðkomandi. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá samanburð á komum til hreyfistjóra á milli ára.

² Samskipti vegna lífsstíls- og sykursýkimóttöku á Dalvík, Blönduósi og Fjallabyggð er skráð með öðrum samskiptum á stöð og því ekki hægt að gera grein fyrir þeim sérstaklega en unnið er að samræmingu skráningar


Hreyfiseðlar - komur til hreyfistjóra



Heilsueflandi heimsóknir



Á Akureyri er íbúum 80 ára og eldri sem búa heima og njóta ekki þjónustu boðin heilsueflandi heimsókn. Einstaklingar sem eru 75-79 ára geta óskað eftir sams konar þjónustu. Heilsueflandi heimsóknir hófust á árinu á Sauðárkróki, Blönduósi og Húsavík og munu hefjast í Fjallabyggð og á Dalvík árið 2020.

Heilsueflandi heimsóknir á Akureyri



Bólusetningar

Fjöldi bólusetninga á HSN var 15.213 á árinu 2019 og 13.990 á árinu 2018. Sjá má yfirlit yfir fjölda bólusetninga eftir meginstarfsstöðvum á myndunum hér fyrir neðan.




Hjúkrunar- og sjúkrasvið

Á stofnuninni eru rekin sjúkrahús á Blönduósi, Sauðárkróki, Fjallabyggð og Húsavík. Hlutverk þeirra er að veita almenna sjúkrahúspjónustu ásamt viðeigandi stoðþjónustu, eftir þörf og umfangi á hverjum stað. Þá ber þeim að starfrækja hjúkrunardeildir og sinna öldrunarþjónustu. Á svæðinu eru hjúkrunardeildir einnig víða reknar af sveitarfélögum. Umtalsverð sérfræðiþjónusta er rekin á göngudeildum í tengslum við sjúkrahúsin.

Rýmin eru í heildina 149 og skiptast þau í 21 sjúkrarými, 110 hjúkrunarými og 18 dvalarrými. Skiptingu milli staða má sjá á myndinni hér fyrir neðan. HSN er einnig með samning um rekstur á Hvammi, heimili aldraðra á Húsavík, en þar eru 31 hjúkrunarrými og níu dvalarrými. Samningurinn nær einnig til 23ja dagdvalarrýma í Norðurþingi.

Sjúkra-, hjúkrunar- og dvalarrými á HSN





Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjölda rýma eftir deildum HSN og meðalnýtingu þeirra á árinu 2019.

Sjúkra-, hjúkrunar- og dvalarrými 2019


	Fjöldi sjúklinga	Dvalir	Legudagar	Leyfis-dagar	Rúmafjöldi	Meðal-rúmanýting	Meðalfjöldi legudaga án leyfis-daga	Meðalfjöldi sjúklinga á dag
Blönduós								
Sjúkradeild	63	84	857	2,9	3	78%	10,2	2,3
Hjúkrunardeild	37	43	5.491	2,8	22	68%	127,7	15,0
Dvalardeild	11	12	3.268	0,0	9	99%	272,3	9,0
Fjallabyggð								
Sjúkradeild	77	119	1.257	7,1	3	114%	10,5	3,4
Hjúkrunardeild	39	46	7.212	3,7	20	99%	156,7	19,8
Húsavík								
Sjúkradeild	269	438	2.682	28,5	8	91%	6,1	7,3
Hjúkrunardeild	37	68	5.825	31,3	18	88%	85,2	16,0
Hjúkrunardeild/sjúkradeild	34	97	1.347	5,0	5	74%	13,8	3,7
Sauðárkrókur								
Sjúkradeild	213	334	1.731	58,1	7	65%	5,0	4,7
Sjúkradeild - hvíldarinnlögn	23	27	276	2,0	2	38%	10,2	0,8
Hjúkrunardeild 2	23	25	4.470	13,0	13	94%	178,3	12,2
Hjúkrunardeild 3	12	12	2.955	11,6	10	81%	245,3	8,1
Hjúkrunardeild 5	36	40	6.562	18,9	20	90%	163,6	18,0
Dvalardeild	12	14	3.019	34,4	9	91%	213,2	8,3

● Göngudeild


Á göngudeildum fara fram móttökur sérfræðilækna, speglanir, minni aðgerðir, sólarhringshjartaritun (Holter) og ýmsar aðrar rannsóknir. Misjafnt er þó milli starfsstöðva hversu umfangsmikil þessi starfsemi er og má sjá yfirlit á myndunum hér fyrir neðan.



Speglanir 2018




Holterrannsóknir




● Hópskoðun Krabbameinsfélagsins

Hópskoðun vegna krabbameinsleitar í leghálsi fer fram árlega í samvinnu við Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands. Í Fjallabyggð eru þær annað hvert ár.



● Ráðgjöf í reykbíndindi

HSN rekur Ráðgjöf í reykbíndindi á Húsavík í samstarfi við Embætti landlæknis og heilbrigðisráðuneytið. Fjöldi samskipta á árinu 2019 var 625 í samanburði við 579 samskipti árið 2018. Á myndinni má sjá yfirlit yfir samskipti í Ráðgjöfinni og samanburð á milli ára.




● Rannsóknir og röntgenmyndatökur


Rannsóknir innan HSN eru að stærstum hluta framkvæmdar á Sauðárkróki og Húsavík. Á Blönduósi, Dalvík og Fjallabyggð eru aðallega gerðar skyndirannsóknir. Rannsóknir á Heilsugæslunni á Akureyri eru sendar á Sjúkrahúsið á Akureyri. Þær rannsóknir sem ekki eru gerðar á starfsstöðvum HSN eru að langstærstum hluta sendar á Sjúkrahúsið á Akureyri en einnig á Landspítalann. Röntgenmyndatökur eru framkvæmdar á öllum meginstarfsstöðvum HSN nema á Akureyri.

Sjá má yfirlit yfir fjölda rannsókna og röntgenmynda á HSN hér fyrir neðan.³

Rannsóknir á rannsóknarstofum HSN




Röntgenmyndatökur



³ Breytingar eru á talningu á rannsóknum og röntgenmyndatökum á HSN frá fyrri ársskýrslum. Rannsóknir og röntgenmyndatökur fyrir innliggjandi og ambúllanta eru nú taldar saman. ** Rannsóknir á Dalvík eru nú að stærstum hluta sendar á aðrar rannsóknarstofur og því ekki taldar sér árið 2018 og 2019.

● Atvikaskráning

Atvikaskráning skjólstæðinga var innleidd í sjúkraskrárkerfinu Sögu árið 2015. Á árinu 2018 voru skráð atvik 389 og á árinu 2019 hafði atvikum fækkað í 355. Algengustu atvikin eru föll/byltur en síðan koma lyfjamistök. Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir skráð atvik á HSN.




● Starfsmannamál

Á HSN starfa um 590 starfsmenn að jafnaði í rúmlega 384 stöðugildum. Þá eru ekki meðtaldir lækningar á verktakasamningum. Starfsmenn eru að meðaltali í um 65% stöðuhlutfalli og eru tæp 13% þeirra karlmenn og 87% konur. Samtals komu 928 starfsmenn á launaskrá á árinu.


Starfsmenn sem flokkast sem „almennur starfsmaður“ eru fjölmennasta starfsstétt HSN en þar eru um 94 stöðugildi. Þá koma hjúkrunarfræðingar í 84,5 stöðugildum, sjúkraliðar í 66,2 stöðugildum og BSRB starfsmenn í 59,5 stöðugildum. Aðrar stéttir eru með færri en 35 setin stöðugildi. Stöðugildi lækna eru 32,2 og þá bætast við sem samsvarar 5,5 stöðugildum lækna í verktöku. Sérfræðingar í heimilislækningum eru um 17, aðrir sérfræðingar rúmlega sex og almennir lækningar, kandidatestarfsmenn og læknanemar um tíu. Á myndunum hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir fjölda stöðugilda eftir stéttarfélögum og yfir stöðugildi lækna.⁴

⁴ Breytt framsetning á talningu stöðugilda frá ársskýrslu 2017.

Fjöldi stöðugilda eftir stéttarfélögum





Stöðugildi - læknar



Meðalaldur starfsmanna er 43,8 ár og lækkar milli ára (46,7 árið 2018). Veikindahlutfall er 6,8% árið 2019 og hefur hækkað úr 6,7% árið 2018. Fjarverustundir vegna veikinda voru 54.451 á árinu 2019 sem gera 6.806 veikindadaga. Veikindahlutfallið jafngildir því að í hverjum mánuði hafi 26,2 stöðugildi starfsmanna verið í veikindum á stofnuninni.

Fjarvera vegna veikinda barna var 6,4% af fjarverustundum í heild á árinu 2019 eða 3.468 stundir.

Á myndunum hér fyrir neðan má sjá hvernig starfsmenn skiptast eftir aldursbilum og skipulagseiningum. Á skipulags-einingunni „Yfirstjórn“ kostnaðarfærast stöðugildi vegna framkvæmdastjórnar og mannauðs ásamt starfsfólki fjármála-sviðs, gæðasviðs og tæknisviðs. Einnig eru kostnaðarfærðar sérnámsstöður í heilsugæsluhjúkrun.



● Gjafir til HSN 2019

HSN berast reglulega gjafir frá velunnurum stofnunarinnar. Gjafirnar bæta til muna búnað stofnunarinnar. Skjólstæðingar og starfsfólk meta hlýjan hug og örlæti styrktar- og stuðningsaðilanna.

Gjafir til starfsstöðvar HSN á Blönduósi

Hollvinir og kvenfélög á Blönduósi gáfu:

- Sara Stedy að verðmæti 180.000 kr.
- Hægindastól til lyfjagjafa að verðmæti 180.000 kr.
- Lyftubaðstól að verðmæti 912.000 kr.

Krabbameinsfélagið gaf:

- Loftdýnu að verðmæti 285.000 kr.

Margir aðilar komu að því að gefa stofnuninni aðstandendaíbúð til afnota fyrir skjólstæðinga.

Gjafir til starfsstöðvar HSN á Sauðárkróki

Minningarsjóður Sigurlaugar Gunnarsdóttur gaf:

- Tvær Telemetriur að verðmæti 4.198.882 kr.
- Dýnur í hjúkrunarrúm að verðmæti 99.148 kr.
- Sjúklingamónitor að verðmæti 3.742.753 kr.
- Sata Stedy skutlu að verðmæti 446.400 kr.
- Súrefnissíu að verðmæti 462.024 kr.
- Scan Modul skáp fyrir lækna- og hjúkrunarvörur að verðmæti 376.568 kr.
- Stólvog frá Seca að verðmæti 242.178 kr.
- Hjúkrunarrúm að verðmæti 809.000 kr.
- Blóðtökuvagn að verðmæti 439.294 kr.
- Diatermi brennslutæki að verðmæti 471.398 kr.

Kiwanisklúbburinn Drangey Sauðárkróki gaf:

- Fjórar spjaldtölvur að verðmæti 270.320 kr.

Lionsklúbbur Sauðárkróks gaf:

- Fjölpjálfa að verðmæti 1.550.000 kr.

Gjafasjóður HSN keypti

- Heyrnarmæli að verðmæti 491.939 kr.
- Meðferðarbekk að verðmæti 298.000 kr.

Styrktarsjóður Guðrúnar Þ. Sveinsdóttur gaf:

- Rannsóknartæki - COBAS að verðmæti 9.424.000 kr.
- Rannsóknartæki - PURELAB að verðmæti 719.200 kr.

Lionsklúbburinn Björk gaf:

- GymnaPro meðferðarbekk að verðmæti 435.240 kr.

Minningarsjóður Völu Mistar stóð að kaupum á ýmsum leikföngum og hjálpartækjum að verðmæti 285.651 kr.

Gjafir til starfsstöðvar HSN í Fjallabyggð

Minningarsjóður Guðnýjar Stefáns gaf:

- Þrjú sjónvörp með veggfestingum að verðmæti 150.840 kr.
- Garðhúsgögn, borð, stóla og sófasett að verðmæti 413.031 kr.
- Sara Stedy skutlu með fótaglennu að verðmæti 223.200 kr.

Gjafir til starfsstöðvar HSN á Dalvík

Kvenfélagið Tilraun í Svarfaðardal gaf:

- Tanita body composition analyzer tæki að verðmæti 816.250 kr.

Kvenfélagið Hvöt á Árskógsströnd gaf:

- Bladder scanner tæki að verðmæti 951.613 kr.

Gjöf til starfsstöðvar HSN á Akureyri

Hjarta- og æðaverndarfélag Akureyrar gaf:

- Huntleigh DMXR digital æðadoppler að verðmæti 104.346 kr.
- Huntleigh DMXR digital doppler probe skoðunarhaus að verðmæti 60.000 kr.
- Connex ProBP 3400 Digital á hjólastandi að verðmæti 132.546 kr.

Gjafir til starfsstöðvar HSN á Húsavík

Styrktarfélag og velunnarar stofnunarinnar sameinuðust um að kaupa sónartæki og tölvubúnað fyrir starfsstöð HSN á Þórshöfn á árinu. Bryggjudaganefnd 2018, Þórshöfn styrkti um 490.000 kr., Kvenfélagið Öxarfirði og Kvenfélagið Raufarhöfn styrktu um 250.000 kr. hvor til þeirra kaupa, Kvenfélagið Kópaskeri, Kvenfélagið Hvöt, Þórshöfn, Kvenfélag Þistilfjarðar og Verkalýðsfélag Þórshafnar lögðu til 200.000 kr. hvert um sig til þessara kaupa.

Styrktarfélag sjúkrahúss Húsavíkur gaf:

- Tvö veltirúm með gálga og handfangi að verðmæti 1.968.390 kr.
- Rafknúinn lyftustól að verðmæti 157.915 kr.
- Tölvu og fylgihluti að verðmæti 245.099 kr.
- Monitor og fylgihluti að verðmæti 3.742.903 kr.
- Roll Stan Kit að verðmæti 94.803 kr.
- Telimetriu og fylgihluti að verðmæti 3.624.287 kr.
- Háa göngugrind með gaspumpu að verðmæti 179.375 kr.
- 24 stundamæli og mancettur að verðmæti 402.226 kr.
- Lyftibaðstól með vog að verðmæti 1.237.644 kr.
- Hjúkrunarrúm með gálga og handfangi að verðmæti 487.846 kr.
- Tölvu og fylgihluti að verðmæti 40.495 kr.





● Skýrsla og áritun stjórnenda

Heilbrigðisstofnun Norðurlands er ríkisaðili í A-hluta sem veitir heilsugæsluþjónustu, sjúkrahúsþjónustu auk öldrunarþjónustu í formi hjúkrunar- og dvalarrýma. Starfsemi Heilbrigðisstofnunar Norðurlands nær frá Blönduósi í vestri til Þórshafnar í austri.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir nokkur málefnasvið og málaflokka skv. flokkun í fjárlögum og kemur sú aðgreining fram í starfsþáttayfirliti.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 6.583,5 milljónir og afkoma kr. -63,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 5,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 867,6 milljónir.

Það er álit okkar að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Heilbrigðisstofnunar Norðurlands í samræmi við lög um opinber fjármál og ársreikningalög.

Forstjóri og framkvæmdastjóri fjármála og stoðsviða HSN staðfesta hér með ársreikning Heilbrigðisstofnunar Norðurlands 2019 með undirritunum sínum.

Forstjóri



Framkvæmdastjóri fjármála og stoðsviða



● Sundurliðaður rekstrarreikningur 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	5.836.600.000	5.437.009.416
Seld þjónusta	3	575.362.656	558.410.893
Vörusala		40.050.999	24.698.450
Framlög og ýmsar tekjur	4	70.679.045	66.975.845
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	60.794.137	47.723.089
Tekjur samtals		6.583.486.837	6.134.817.693
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	4.655.417.208	4.333.137.498
Annar rekstrarkostnaður	6	1.929.933.444	1.626.474.462
Afskriftir	7	60.794.137	47.723.089
Gjöld samtals		6.646.144.789	6.007.335.049
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(62.657.952)	127.482.644
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		269.977	267.147
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(1.253.245)	(1.789.273)
		(983.268)	(1.522.126)
Afkoma ársins		(63.641.220)	125.960.518

● Efnahagsreikningur 2019

Eignir	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	8	<u>4.050.862</u>	<u>7.934.909</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		219.532.699	141.807.719
Farartæki og vélar		71.743.381	74.109.063
Aðrar eignir		<u>1.604.393</u>	<u>23.908.802</u>
		<u>292.880.473</u>	<u>239.825.584</u>
Fastafjármunir samtals		<u>296.931.335</u>	<u>247.760.493</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	10	31.928.810	38.140.715
Viðskiptakröfur		31.979.952	42.665.401
Tengdir aðilar	11	328.985.798	332.191.674
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		33.092.447	15.883.518
Handbært fé	12	<u>144.720.488</u>	<u>138.267.663</u>
Veltufjármunir samtals		<u>570.707.495</u>	<u>567.148.971</u>
Eignir samtals		<u>867.638.830</u>	<u>814.909.464</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	13		
Hrein eign		<u>5.038.685</u>	<u>68.679.905</u>
Eigið fé samtals		<u>5.038.685</u>	<u>68.679.905</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	36.194.739	47.489.849
Viðskiptaskuldir		121.191.460	116.450.057
Ýmsar skammtímaskuldir	14	388.259.846	334.963.324
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	15	<u>316.954.100</u>	<u>247.326.329</u>
Skuldir samtals		<u>862.600.145</u>	<u>746.229.559</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>867.638.830</u>	<u>814.909.464</u>

● Sjóðstreymisyfirlit 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(63.641.220)	125.960.518
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	60.794.137	47.723.089
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(60.794.137)	(47.723.089)
		<u>(63.641.220)</u>	<u>125.960.518</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(6.523.480)	1.621.517
Tengdir aðilar		(8.089.234)	25.915.431
Birgðir		6.211.905	(13.651.292)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		58.037.925	(22.165.617)
		<u>49.637.116</u>	<u>(8.279.961)</u>
		<u>(14.004.104)</u>	<u>117.680.557</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		0	(7.769.650)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(135.564.979)	(63.274.514)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		3.500.000	1.510.000
		<u>(132.064.979)</u>	<u>(69.534.164)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		124.400.000	69.100.000
Gjafaframlög til fjárfestinga		28.121.908	0
		<u>152.521.908</u>	<u>69.100.000</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		6.452.825	117.246.393
		<u>138.267.663</u>	<u>21.021.270</u>
		<u>144.720.488</u>	<u>138.267.663</u>

